

FUNDARGERÐ

Árið 2018, föstudaginn 30. nóvember kl. 9:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir, formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aroni Gústavssyni og Hrafnkeli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð.

Að auki sat fundinn Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðstjóri þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, undir 2. lið.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir 10. og 23. október 2018

Lagðar voru fram fundargerðir frá 10. og 23. október 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 10. október hafði komið fyrir nefndina áður, á fundi hennar 23. október, þar sem farið var fram á gerðar yrðu breytingar á fundargerðinni. Hún var því lögð fram á ný með breytingum.

Fundargerðir frá 10. og 23. október 2018 voru samþykktar án athugasemda og undirritaðar.

2. Efling íbúasamráðs

Lögð var fram umsókn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Akureyrarkaupstað, dags. 26. nóvember 2018, ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 28. nóvember 2018, ásamt því að Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðstjóri þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, fór yfir málið.

Sótt er um framlag úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 5 m.kr. til að byggja upp reynslu og þekkingu hjá sveitarfélögum á framkvæmd íbúasamráðs sbr. handbók sambandsins frá 2017: „Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa“. Gert er ráð fyrir að Akureyri leiði stýrihóp um verkefnið og að auglýst verði eftir 3-5 þátttökusveitarfélögum til viðbótar við Akureyrarkaupstað.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin umsóknina enda sé verkefnið bæði þarft og gott og komi vonandi til með að verða öllum sveitarfélögum til góða.

3. Útgjaldajöfnunarframlög 2018

Lögð var fram tillaga að hækkun útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins árið 2018 um 550 m.kr. ásamt útreikningum, dags. 29. nóvember 2018. Tillagan er lögð fram vegna góðrar fjárhagsstöðu sjóðsins og myndu útgjaldaframlögin þá hækka úr 9.550 m.kr. í 10.100 m.kr. á árinu.

Rætt var hver fjárþörf sveitarfélaga væri í því árferði sem nú er og hvort rétt væri að bíða með greiðslu þangað til þörfin væri meiri. Flestir nefndarmanna sammála að þetta sé sjónarmið sem vert er að skoða betur þó undir núverandi regluverki sé Jöfnunarsjóði tæplega heimilt að halda eftir fjármagni vegna þessara sjónarmiða. Slík ráðstöfun krefjist þess að regluverkið heimila það sem og að sjóðurinn sinni aukinni greiningarvinnu varðandi bæði almennt efnahagsástand í

landinu sem og stöðu einstakra sveitarfélaga á hverjum tíma. Þá verði að treysta sveitarstjórnarmönnum fyrir skynsamlegri nýtingu þeirra fjármuna sem nú komi til útgreiðslu.

Að lokinni umfjöllun var samþykkt að leggja til við ráðherra hækkun útgjaldajöfnunarframlaga ársins 2018 um 550 m.kr. Birgir Björn Sigurjónsson sat hjá við afgreiðsluna. Jafnframt var samþykkt einróma að leggja til við ráðherra og endurskoðunarnefnd um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að skoðað yrði að gera breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sem heimili stofnun varasjóðs sem hafi það hlutverk að jafna út hagsveifluna með auknum útgreiðslum þegar skatttekjur sveitarfélaga lækka.

4. Útgjaldajöfnunarframlög 2019 vegna aksturs fatlaðs fólks úr dreifbýli

Lagt var fram minnisblað, dags. 29. nóvember 2018, vegna áætlunar um úthlutun fjármagns vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli. Gert er ráð fyrir að á árinu 2019 verði 50 m.kr. úthlutað vegna þessarar þjónustu en útreikningar munu byggjast á umsóknum sveitarfélaga og taka mið af akstursvegalengd og fjölda farþega.

Gert er ráð fyrir að ráðherra setji vinnureglur um úthlutun framlaganna skv. tillögum ráðgjafarnefndar og að fenginni umsögn Sambandsins.

Ákveðið að kallað yrði eftir gögnum um umfangs slíks aksturs hjá sveitarfélögum með dreifbýli sem síðar yrði hægt að nota við úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna aksturs fatlaðs fólks úr dreifbýli.

5. Efling tónlistarfræðslu 2019

Lagt var fram yfirlit áætlaðra framlaga ársins 2019 byggt á samþykktum umsóknum, ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 20. nóvember 2018.

Á grundvelli reglna vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að veita sveitarfélögum framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags skólaárið 2018 – 2019. Áætlun vegna yfirstandandi skólaárs hljóðar upp á 6 m.kr.

Að umfjöllun lokinni var samþykkt að leggja til við ráðherra að áætlunin yrði samþykkt.

6. Umsóknir vegna sérstakra verkefna skv. 11. gr. rgl. 960/2010

Reykjavíkurborg

Lögð var fram umsókn Reykjavíkurborgar, dags. 31. október 2018, vegna þriggja verkefna ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 28. nóvember 2018.

Verkefnin sem um ræðir eru:

1. Þróunarverkefni um samstarf velferðarsviðs við geðheilsuteymi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Sótt um framlag að fjárhæð 12 m.kr.
2. Þekkingaröflunarverkefni og ráðstefna um málefni utangarðsfólks/heimilislausra. Sótt um framlag að fjárhæð 6 m.kr.
3. Áframhaldandi þróunarverkefni vegna BARKA. Sótt um framlag að fjárhæð 5 m.kr.

Að lokinni umfjöllun var samþykkt að leggja til við ráðherra að samþykkja umsóknir vegna verkefnanna þriggja að fjárhæð 23 m.kr.

Yfirlýsing um grunnskólans

7. Barnaverndarstofa

Lagt var fram erindi frá Barnaverndarstofu, dags. 17 október 2018, þar sem óskað er eftir greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. rgl. nr. 351/2002 vegna vorannar 2018, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Samkvæmt reglugerð 351/2002 annast Jöfnunarsjóður greiðslu á útlögðum kostnaði Barnaverndarstofu vegna almennrar kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barnaverndarstofu og stunda þar grunnskólanám. Jöfnunarsjóður dregur fjárhæð er nemur kennslukostnaði vegna nemenda frá jöfnunarframlögum viðkomandi lögheimilissveitarfélags.

Heildarkennslukostnaður sem sótt er um fyrir er 5.273.639 kr.

Erindið var samþykkt.

Yfirlýsing um málefnum fatlaðs fólks

8. Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks 2018

Tillaga að endanlegum framlögum ársins 2018

Lögð voru fram drög að endanlegri áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 29. nóvember 2018.

Búið er að uppfæra stöðu þjónustu á svæðum að teknu tilliti til:

1. Nýliðunar í málaflokknum.
2. Framkvæmd endurmats á núverandi SIS mati.
3. Aðrar þjónustubreytingar einstaklinga, þ.m.t. andlát einstaklinga og kostnaðarbreytingar við þjónustu við einstaklinga án SIS mats.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að leggja til við ráðherra að tillaga að endanlegri áætlun framlaga 2018 verði samþykkt.

9. Reglugerð um framlög vegna málefna fatlaðs fólks

Lögð voru fram drög að reglugerð um almenn framlög vegna fatlaðs fólks vegna ársins 2019, ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 29. nóvember 2018.

Helsta breytingin á reglugerðinni frá 2018 er sú að tekin eru út ákvæði um kostnaðargreiningu einstaklinga og enn fremur er horfið frá 12,5% skerðingarákvæði í reglunum.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að reglugerðinni yrði breytt í samræmi við framlögð drög.

10. Viðbótarframlög 2018

Erindi frá Vesturlandi vegna viðbótarframlaga 2017

Lagt var fram erindi frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi vegna viðbótarframlaga ársins 2017, ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 28. nóvember 2018.

Í ljós hafa komið mistök vegna uppgjors á málaflokki fatlaðs fólks vegna ársins 2016 sem stuðst var við þegar viðbótarframlag ársins 2017 var ákveðið. Þannig var halli á rekstrinum 2016 en ekki afgangur eins og fært hafði verið. Er þess óskað að viðbótarframlögin séu endurskoðuð með tilliti til þessa.

Að lokinni umfjöllun var samþykkt að leggja til að greiða helming þess fjármagns sem hefði komið til þjónustusvæðisins skv. réttum og uppfærðum upplýsingum. Lagt er til að sú greiðsla komi úr viðbótarframlögum ársins 2018 enda ekki vel mögulegt að endurúthluta viðbótarframlögum ársins 2017 á þessum tíma.

Rekstrarniðurstaða í málaflokki fatlaðs fólks 2017

Lagðir voru fram útreikningar á rekstraruppgjöri sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna málefna fatlaðs fólks á árinu 2017 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 28. nóvember 2018. Jafnframt voru lagðar fram tillögur að ráðstöfun viðbótarframlaga til sveitarfélaga/þjónustusvæða út frá rekstraruppgjöri.

Óskað var eftir frekari útreikningum og var afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

11. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram yfirlit yfir samþykkt framlög til sveitarfélaga vegna uppbyggingar húsnæðisúrræða í málaflokki fatlaðs fólks á árinu 2018 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 29. nóvember 2018. Þá var einnig fjallað stuttlega um þær umsóknir sem nú er unnið úr.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að óska eftir sundurliðun á kostnaði vegna umsóknar Reykjavíkurborgar vegna framkvæmda við Klettaskóla. Umsóknir verða teknar til efnislegrar umfjöllunar síðar.

12. Önnur mál

Næsti fundur

Næsti fundur ráðgjafarnefndar var ákveðinn miðvikudaginn 19. desember kl. 15:00.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið 12:00.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson